



Samkomulag um aukna byggðafestu á Bakkafirði

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu á 34.249,5 þorskígildiskg. aflamarki fiskveiðiárið 2020/2021 auk mótframlags samstarfsaðila Byggðastofnunar samkvæmt grein 4 og fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Bakkafirði. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016 (*Reglugerð um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða*), umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila dags. 9. nóvember 2020 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 19. febrúar 2021.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Sauðármyri 2, 550 Sauðárkrúki
- Halldór Fiskvinnsla ehf kt.5505028520, Hafnargötu 8, 685 Bakkafjörður

Aðrir samningsaðilar:

- .
- .

1.

Meginmarkmið samnings þess er að auka byggðafestu á Bakkafirði. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Bakkafirði.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárið 2020/2021 og er einskiptisaðgerð sem verður ekki framlengd.

3.

Halldór Fiskvinnsla ehf starfrækir fiskvinnslu að Hafnargötu 8 á Bakkafirði. Umsækjendur munu landa afla sínum á Bakkafirði. Full jafnræði verður í gildi milli aðila sem koma að verkefninu.

4.

Byggðastofnun leggur til 34.249,5 þorskígildiskg. aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar fiskveiðiárið 2020/2021. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að leggja fram sambærilegt magn af bolfiski og vinna á Bakkafirði.

5.

Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr. 9. grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 9.nóvember 2020.
2. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á Bakkafirði með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks á milli aðila og verðlagningu dags. 12. mars 2021
April

Bakkafirði 12. mars 2021


BYGGÐASTOFNUN


f.h. Byggðastofnunar


f.h. Halldór Fiskvinnsla ehf.

f.h.


f.h.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)


20581-5009


Pétur Friðjónsson
kt. 100867-5919